

## Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis

Ár 2024, þriðjudaginn 27. febrúar, var haldinn 46. fundur íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis. Fundurinn var haldinn í Norðurmiðstöð og hófst kl. 16.34. Eftirtaldir fulltrúar voru viðstaddir: Birkir Ingibjartsson, Gísli Kr, Björnsson, Guðrún Elísabet Ómarsdóttir og Ívar Orri Aronsson. Eftirtaldir fulltrúar í íbúaráði Háaleitis- og Bústaðahverfis tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 2. másl. 4. mgr. 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Friðjón R. Friðjónsson. Fundinn sátu einnig Arna Hrönn Aradóttir og Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

- Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 5. febrúar 2024, vegna verkhönnunar verkefna í Hverfið mitt í Háaleitis- og Bústaðahverfi. MSS22020075  
Heiða Hrund Jack og Guðný Bára Jónsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.
- Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 26. janúar 2024 um samþykkt verklagsreglna um fyrirspurnir og tillögur í ráðum og nefndum Reykjavíkurborgar. MSS23090170
- Lögð fram umsögn Háaleitis- og Bústaðahverfis, dags. 31. janúar 2024, um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Safamýrar – Álftamýrar vegna Safamýri 58-60, sbr. 2. liður fundargerðar ráðsins frá 23. janúar 2024. USK23100313
- Lögð fram umsögn íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis, dags. 31. janúar 2024, um tillögu að hverfisskipulagi í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi, sbr. 1. liður fundargerðar ráðsins frá 12. desember 2023. SN150530
- Lagt fram bréf verkefnastjóra stýrihóps um mótun stefnu í málefnum eldra fólks til ársins 2026, dags. 6. febrúar 2024, þar sem óskað er eftir tilnefningu tilnefningu tveggja fulltrúa á samráðsfund með framtíðarnotendum.  
Samþykkt að tilnefna Jón Aðalstein Bergsveinsson og Guðbjörgu Kristjánsdóttur.
- Fram fer umræða um málefni hverfisins. MSS22090034

### Fundi slitið kl. 17:38

Birkir Ingibjartsson

Ívar Orri Aronsson  
Guðrún Elísabet Ómarsdóttir

Friðjón R. Friðjónsson